

SJÖTUGUR: Magnús Kjaran, stórkaupmaður

Ekki alls fyrir löngu fregn aði ég, að Magnús Kjaran, bókasafnari og stórkaupmaður, yrði sjötugur 19. apríl.

Það kom mér satt að segja á óvart. Maðurinn er svo unglegur, og fáa þekki ég, sem mér finnst jafn hressilegt að blanda geði við um bækur og menn. En Magnús Kjaran er einn með bókfróðustu mönnum hérlandis, og gildir það jafnt um íslenzkar sem erlendar bókmenntir.

Einkabókasafn hans er bæði stórt og vandað, þar er að finna bækur, sem alls ekki eru til annars staðar, og nefni ég til gamans bók, sem hann lét eitt sinn prenta sem handrit í aðeins einu eintaki, er það nokkurs konar ævisaga hans fram að fertugu, og nefnist hún „Léttskýjað“. Slík útgáfustarfsemi er vist ekki leyfileg lengur. Landsbókasafnið krefst réttar síns.

Já „léttskýjað“ er einmitt táknrænt fyrir Magnús Kjaran. „Heldurðu, að þú náir í nr. 1 af þessari eða hinni bókinni“. Eitthvað á þá leið hefi ég stundum spurt hann. „Já, já, blessaður vertu, það kemur allt“. Þannig og þvíumlík eru svör hans, það er ávallt léttskýjað!

Magnús Kjaran safnar nr. 1 af tölusettum bókum og á þegar álitlegt safn þeirra. En þeir munu vera fáir, sem binda sig við ákveðið númer tölusettra rita. Sigurður prófessor Nordal sagði mér frá því vorið 1938, að hann safnaði nr. 7, og sá ég hjá honum nokkrar bækur með því númeri. Undirritaður hefur s.l. 23 ár safnað nr. 9. En margri bókinni missir maður af, það eitt er vist.

Magnús Kjaran er meira en venjulegur bókasafnari, hann er líka lærður bókfræðingur, og hefur skrifað ritgerð um tölusettar bækur sem birtist í Árbók Landsbókasafnsins fyrir árin 1957—1958, sem kom út s.l. haust. Minnst ég með ánægju samskipta okkar varðandi þá ritgerð. Eg vona, að Magnús Kjaran fyrirgefi þó, að ég geti þess, að hann hefur í smíðum ritgerð um íslenzk tímarit, útgáfur þeirra etc.



Bókamaður — Kaupsýslumaður: „Tveir eru heimar hærta ólíkir“, segir Grímur Thomsen í upphafi Búarimna. Eg hefi stundum hugleitt með sjálfum mér það einstæða fyrirbrigði, að til skuli vera í stétt kaupsýslumanna annar eins maður og Magnús Kjaran. Hann þekkir innihald bóka sinna. Það á því miður við um alltof fáa, og slíkt væri alveg óhugsandi annars staðar en á Íslandi.

Að undangengnu verzlunar námi gerist Magnús árið 1918 meðeigandi verzlunarinnar Liverpool í Reykjavík, en einkaeigandi hennar árin 1925—30. Árið 1930 stofnaði hann hina landskunnna heild verzlun sína, og á hún um þessar mundir 30 ára starfsafmæli. Einkum er Magnús Kjaran mikill ávaxtainnflytjandi. En honum nægði ekki að flytja inn það, sem í askana er látið. Hann vildi líka hasla sér völu á sviði menningarmála, og því var það lýðveldishátíðarárið 1944 að mig minnir, sem hann stofnaði Bókfellsútgáfuna, sem er með stærstu bókaútgáfufyrirtækjum hérlandis og hefur gefið út mikið af góðum bókum, um sögu, ættvísni og fl. Þjóðlegan fróðleik.

Þetta átti að vera stutt afmælisgrein, og verð ég því að slá botninn í hana. Ég skrifa hana sem fyrr undan prentaranum, margt er þó ósagt, sem biður síns tíma. Þess skal þó getið, að árið 1930 var Magnús Kjaran framkvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar

og gegndi því starfi af mikilli þryði.

Kvæntur er Magnús Kjaran Sofíu dóttur Franz sýslumanns Siemsen, og eiga þau nokkur mannvænleg börn. — Þau hjón eru nú stödd í Kaupmannahöfn.

Það er mikil gæfa fyrir hvert þjóðfélag að eiga slíka menn sem Magnús Kjaran. Hann hefur hafizt af sjálfum sér, traustur afkomandi fornrar bændamenningar, sem nú er lifin undir lok. — Drakk ungur í sig safann úr íslenzku þjóðlífi, jafnt bóklega samverklega. Gamall ungmennafélagi. Í einu orði sagt: hugsjónamaður. Megi hann lengi lifa!

Reykjavík, 19. apríl 1960.
Stefán Rafn.

(Grein þessi hefur beðið hjá blaðinu vegna þrengsla, í þrjá daga).

Auglýsing

FRÁ BÆJARSÍMA REYKJAVÍKUR

Athygli símnotenda skal vakin á því að þegar símnotandi hringir í símanúmer og leggur heyrnartólið á áður en símtali er lokið rofnar sambandið samstundis.

Munið að leggja ekki heyrnartólið á fyrr en símtali er lokið.

Bæjarsímastjórinn

Leiguskip óskast

Vita- og hafnarmálaskrifstofan óskar eftir að taka skip á leigu næstu mánuði til að annast vöruflutninga vegna vitanna og til annarrar þjónustu fyrir vita- og hafnamálin.

Tilboð óskast sent vita- og hafnarmálaskrifstofunni fyrir næstu mánaðamót, þar sem tilgreint er nafn skipsins, stærð þess og annað, sem máli skiptir.

Vita- og hafnamálastjóri

HAGSÝN HÚSMÓÐIR

svarar heimili sínu mikil útgjöld með því að sauma fatnaðinn á fjölskylduna eftir Butterick sniðum.

BUTTERICK-SNIDIN

flytja mánaðarlegar tízkunýjungar.

BUTTERICK-SNIDIN

er mjög og mjög auðveld í notkun.

BUTTERICK-SNIDIN

er mjög auðveld á karla, konur og börn.

KONUR ATMÓÐIR

er mjög auðveld í 600 gerðum af Butterick-sniðum hverju

Söluastaðir:

S.I.S.
Austurstræti

og kaupfélögin um land allt.

Atvinna

Nokkra góða verkamenn vantar á Reykjavíkurflugvöll. Trygg atvinna til hausts. Enn fremur vantar nokkra bifvélavirkja á vélaverkstæði flugvallarins. — Upplýsingar í síma 1-7430.

Flugvallarstjóri

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hluttekningu við fráfall og jarðarför móður okkar

Ólafíu Einarsdóttur
frá Tannstaðabakka.

Elín Brynjólfsdóttir, Hanna Brynjólfsdóttir,
Einar Brynjólfsson, Ragnar Brynjólfsson,
Bragl Brynjólfsson.